Nd. 802. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. d.-liður orðist þannig:
   Rafvélum og áhöldum, raflagningarefni. Skal undir þann flokk aðallega telja: Rafhreyfla, rafala, aðrar rafvélar og rafvélahluta, rafgeyma og rafhlöður, raflampa, glólampa (ljósakúlur), rafmæla, rofa og vör (öryggi), raflagnapípur, dósir, tengla og annarskonar búnað raflagna, boglampa, glimlampa, einangrara, hnappa, völur, spenna (transformatora), strenghólka allskonar, lofskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvír og vafinn vír, snúrur og strengi (kabil) úr eir.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.